

Tilmæli 6/2024
Tillaga A 1971/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Sjálfbær ferðaþjónusta

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 9. apríl 2024 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að þróa samnorrænan ramma til að meta umhverfisáhrif atvinnuvega innan ferðaþjónustu, sérstaklega á norðurskautssvæðinu og á svæðum þar sem náttúran er sérstaklega viðkvæm
- að kortleggja umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum með hjálp rammans
- að gera framkvæmdaáætlun til að minnka umhverfis- og loftslagsáhrif ferðaþjónustu á Norðurlöndum

Þórshöfn, 9. apríl 2024

Bryndís Haraldsdóttir
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs